# Eldra fólk og ofbeldi

## Tölfræði LRH

Ofbeldisvarnaráð 6. nóvember 2025

LÖGREGLAN

LÖGREGLAN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

MARTA KRISTÍN HREIÐARSDÓTTIR
DEILDARSTJÓRI UÁD

# Skilgreining á „ofbeldi gegn öldruðum“

**Fólk í viðkvæmri stöðu er líklegra til að verða fyrir ofbeldi en aðrir en til þessa hóps teljast m.a. aldraðir, heilabilaðir, þeir sem kljást við ýmis veikindi auk annarra hópa.**

**Aldraður einstaklingur:**

- **67 ára og eldri skv. lögum nr. 31/1999 um málefni aldraðra.**
- **Víða erlendis 65 eða 60 ára.**

***„Ofbeldi gegn öldruðum er skilgreint sem einstök eða endurtekin athöfn eða skortur á inngripi sem á sér stað í sambandi þar sem traust á að vera ríkjandi og veldur hinum aldraða skaða eða andlegri þjáningu“***
**(WHO, 2002a).**

# Algengi ofbeldis – alþjóðleg tölfræði

WHO:

- 1 af hverjum 6 yfir 60 ára verður fyrir ofbeldi árlega (15,7%)
- 2/3 starfsfólks á stofnunum viðurkennir að hafa beitt ofbeldi
- Covid-19 jók tíðnina um allt að 84%
- Aukin hætta á ofbeldi gegn öldruðu fólki með öldrun þjóðarinnar

# Ofbeldi gegn öldruðu fólki á Íslandi

**Skortur á rannsóknum og gögnum, en vísbendingar til staðar**

**Rannsókn Sigrúnar Ingvarsdóttur (2007):**

- 57% starfsfólks í félagslegri heimaþjónustu varð vart við vanrækslu/ofbeldi
- 20% höfðu grun um ofbeldi gegn notendum þjónustunnar
- 44% starfsfólks í heimaþjónustu greindi frá slíkum tilvikum
- Mörg töldu það engu skila að tilkynna

# Ofbeldi gegn öldruðum

Ofbeldi gegn öldruðum má skipta í tvo flokka:

- Ofbeldi sem aldraðir verða fyrir af hálfu umönnunaraðila á stofnunum eða af hálfu einstaklings sem veitir þeim þjónustu í heimahúsi (e. Institutional setting) þ.e. þjónustuveitendur sem oft eru á vegum hins opinbera
- Ofbeldi sem aldraðir verða fyrir af hendi einstaklinga sem eru þeim tengdir (e. Community setting) – þ.e. fjölskylda,vinir

# Gerendur ofbeldis gegn öldruðum

- Maki
- Aðrir Fjölskyldumeðlimir /ættingjar
- Umönnunaraðilar
- Nánir vinir

**Algengt er að aldraðir brotaþolar hafi verið í sambandi með geranda í langan tíma, hvort sem um er að ræða samband við maka eða aðra fjölskyldumeðlimi**

LÖGREGLAN



# Tegundir ofbeldis gagnvart öldruðum

- Líkamlegt ofbeldi
- Kynferðislegt ofbeldi
- Andlegt ofbeldi
- Fjárhagslegt ofbeldi
- Vanræksla

LÖGREGLAN



# Helstu áhættuþættir samkvæmt WHO og RLS

- Þolandi: Heilsuleysi, fötlun, fátækt, einangrun
- Gerandi: Fíkn, geðræn vandamál, fjárhagslegt ósjálfstæði gagnvart þolanda
- Aldursfordómar (e. ageism) og menningarleg viðhorf auka áhættu

## Lífsferill og viðkvæmni:

- Margar konur með örorku hafa orðið fyrir ofbeldi snemma á ævinni
- Áföll og fátækt geta leitt til viðkvæmni á efri árum
- Félagsleg einangrun og fjárhagslegt ósjálfstæði auka áhættu

# Öll ofbeldisbrot tilkynnt til LRH, þar sem brotaþolar voru 67 ára og eldri 2015-2025*



# Öll ofbeldisbrot tilkynnt til LRH, þar sem gerendur voru 67 ára og eldri 2015-2025*



# Heimilisofbeldi

# Skilgreining lögreglu á heimilisofbeldi

**Tengsl**
- Núverandi/fyrrverandi makar/par, börn, systkini, forráðamenn, þriðji aðili

**Brot**
- Líkamsmeiðingar, kynferðisbrot, hótanir, eignaspjöll, kúgun, vændi, mansal, barnaverndalög

**~~Staður~~**
- Skiptir ekki máli

# Fjöldi heimilisófriðarmála 2014-2025*



# Tengsl brotaþola og gerenda

- Af hendi maka
- Af hendi fyrrverandi maka
- Af hendi barns í garð foreldris
- Af hendi foreldris í garð barns
- Af hendi nákomins með önnur tengsl eða skyldleika við þolanda
- Af hendi systkinis
- Af hendi nákomins í garð fleiri en eins þolanda



# Tengsl brotaþola og gerenda – bþ 60 ára eða eldri



# Heimilisofbeldi - Brotaþolar og gerendur 60 ára og eldri



# Heimilisofbeldi - Brotaþolar og gerendur 67 ára og eldri



# Hlutfall brotaþola og gerenda 60 ára+ af heildarfjölda



# Hlutfall brotaþola og gerenda 67 ára+ af heildarfjölda



# Brotaþolar – skipt eftir kyni









# Brotaþolar eftir ríkisfangi




Allir




60 ára +




67 ára +

LÖGREGLAN

# Gerendur eftir kyni









LÖGREGLAN

# Gerendur eftir ríkisfangi




Allir




60 ára +




67 ára +

# Ofbeldi (uppkominna) barna í garð foreldra

# Ofbeldi barna í garð foreldra

- **Heimilisofbeldi.**
  - Næst algengasta ástæða kvenmorða í Bretlandi[1] – synir myrtu mæður sínar.
- **Flókin og erfið mál.**
- **Foreldrar upplifa oft börn sín ekki sem gerendur.**
  - Skömm og sektarkennd – „ég brást sem foreldri“
  - Afneitun – „þetta var ekki neitt“
  - Meðvirkni – „hann er bara svo veikur“

# Þróun síðustu 10 ár

**Brotum hefur fjölgað á síðustu 5 árum**

**Flest brot skráð árið 2024**

- 123 brot að meðaltal 2020-2024
- 97 brot að meðaltali 2015-2019

**Tölur fyrir 2025 sýna fyrstu 8 mánuði ársins**

- Að meðaltali eru tilkynnt um 10 brot á mánuði



# Þolendur – kyn og aldursdreifing

**516 þolendur skráðir í 673 málum á árunum 2020-2024.**

- 197 karlar
- 319 konur

**Flestir þolendur eru á aldursbilinu 46-55 ára.**






# Helstu niðurstöður

- **Tilkynntum málum hefur fjölgað á síðastliðnum fimm árum.**
- **Meirihluti gerenda voru fullorðnir karlar (18 ára og eldri) og meirihluti þolenda voru mæður.**
  - Hjá börnum var kynjahlutfall gerenda jafnara.
  - Synir líklegri til að beita foreldra sína ofbeldi og þá sérstaklega mæður.
- **Aukning milli ára í málum þar sem uppkomin börn beittu foreldra ofbeldi.**
  - Um 10% fleiri tilkynningar árið 2024 samanborið við árið á undan.
  - Í flestum tilvikum var um ítrekuð atvik að ræða.
  - Minniháttar líkamsárásir, hótanir og eignaspjöll algengustu brotin.
- **Langflestir gerendur voru undir áhrifum vímuefna þegar ofbeldi átti sér stað.**
- **Rúmlega helmingur gerenda með greinda geðröskun eða merkin um slíka í kjölfar atviks.**
  - Algengast að gerendur væru greindir með taugaþroskaraskanir (einhverfu, adhd, þroskahömlun) eða geðrofssjúkdóm.
  - Meirihluti uppkominna gerenda áttu ekki sögu um ofbeldishegðun gagnvart foreldrum sínum á barnsaldri, en taka þarf þessum niðurstöðum með fyrirvara.
- **Meirihluti uppkominna gerenda áttu sögu um aðra ofbeldishegðun og afbrotahegðun.**
- **Í meirihluta mála bjuggu uppkomin börn í foreldrahúsum.** Algengt stef var að foreldra vildu aðstoð lögreglu við að vísa uppkomnu barni sínu úr húsnæðinu eða að lögregla myndi hjálpa þeim að fá aðstoð við vandamálum.

# Ályktun og umræða

- **Aukning mála milli ára og ítrekuð mál áhyggjuefni**
- **Sameiginleg búseta foreldra og uppkominna barna með ofbeldisvanda mikill áhættuþáttur**
  - Skortur á félagslegu húsnæði.
- **Foreldrar upplifa mikið úrræðaleysi og þau sitja uppi með vandann.**
  - Allt of löng bið eftir vímuefnameðferð.
- **Ákveðinn geðvandi erfiðari meðhöndlunar er annar**
  - Færri úrræði til fyrir einstaklinga með raskanir á borð við einhverfu og þroskahömlun heldur en einstaklinga með geðrofssjúkdóm t.d.
  - Sérstaklega ef vímuefnavandi fylgir samliða.
- **Foreldrar vilja frekar að uppkomin börn þeirra fái aðstoð frekar en að þeim sé refsað fyrir ofbeldishegðun.**
  - Vilja að lögregla hafi milligöngu um að veita börnum þeirra aðstoð.
- **Í erfiðustu málunum getur lögregla ekki ein stuðlað að minnkun áhættu með þvingunaraðgerðum.**
  - Þverfagleg samvinna við önnur kerfi nauðsynleg, s.s. Velferðarþjónustu og heilbrigðisþjónustu.